

Reglur um daggæslu í heimahúsum og niðurgreiðslu til dagforeldra

Reglur þessar kveða í fyrsta lagi á um greiðslur, í öðru lagi um ábyrgð, skyldur og rétt foreldra barna í dvöl hjá dagforeldrum, í þriðja lagi um ábyrgð, skyldur og rétt dagforeldra gagnvart börnum og samskipti við foreldra barnanna og í fjórða lagi kveða reglur þessar á um aðkomu og eftirlit af hálfu Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Þær byggja m.a. á reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002.

Dagforeldri skal kynna foreldrum reglur þessar áður en daggæsla hefst.

I. kafli Leyfisveitingar

1. gr.

Velferðarsvið Hornafjarðar veitir leyfi til daggæslu barna í heimahúsum en starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu sjá um vinnslu umsókna, umsjón og eftirlit með starfseminni. Með daggæslu er átt við gæslu barna á tímabilinu frá kl. 7.00 til kl. 19.00 á virkum dögum.

2. gr.

Leyfi skal veitt í upphafi til eins árs reynslutíma, en eftir það til allt að fjögurra ára í senn. Leyfishafar skulu einir hafa heimild til að taka greiðslu fyrir daggæslu barna í heimahúsum.

3. gr.

Starfi tveir saman að daggæslu þurfa báðir aðilar að hafa leyfi til daggæslu frá velferðarsviði.

4. gr.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu samkvæmt reglum þessum eru:

1. Aldur

Umsækjendur mega ekki vera yngri en 20 ára þegar leyfi er veitt í fyrsta sinn. Dagforeldrar sem náð hafa 65 ára aldri fá leyfi endurnýjað til eins árs í senn.

2. Námskeið

Skilyrði fyrir veitingu leyfis er að umsækjandi hafi sótt námskeið um uppeldis- og öryggismál. Velferðarnefnd er heimilt að veita undanþágu hafi viðkomandi menntun á sviði uppeldismála.

3. Læknisvottorð

Umsækjandi leyfis þarf að skila inn læknisvottorði sem skal staðfesta að umsækjandi hafi ekki neinn sjúkdóm eða áfengis- og/eða annan vímuefnavanda sem hindrað getur viðkomandi í að annast börn. Læknisvottorð skal einnig liggja fyrir vegna annarra heimilismanna.

4. Umsögn/meðmæli

Umsögn síðasta vinnuveitanda eða meðmæli tveggja ábyrgra aðila þess efnis að umsækjandi sé hæfur til þess að taka að sér daggæslu.

5. Daggæsla í fjöleignarhúsi

Fari daggæsla fram í fjöleignarhúsi skal liggja fyrir samþykki annarra eigenda samkvæmt lögum um fjöleignarhús.



6. *Daggæsla í leiguhúsnæði*

Fari daggæsla fram í leiguhúsnæði skal liggja fyrir samþykki leigusala samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga.

7. *Sakavottorð*

Umsækjandi skal í öllum tilvikum leggja fram sakavottorð. Sama á við um aðra heimilismenn 18 ára og eldri. Komi fram á sakavottorði að umsækjandi, eða annar heimilismaður, 18 ára og eldri, hafi hlotið refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og brotið beinst að einstaklingi undir 18 ára aldri, verður í engum tilvikum veitt leyfi til daggæslu barna. Um önnur brot sem fram koma á sakavottorði umsækjanda eða annars á heimilinu skal velferðarnefnd meta hvort þau hafi áhrif á hæfni umsækjanda til að hafa barn í umsjá sinni.

8. *Húsakynni*

Húsakynnin skulu uppfylla ákvæði reglugerðar um hollustuhætti, nr. 941/2002. Leiksvæði innandyra skal að lágmarki vera 3 fm á gólfleti fyrir hvert barn. Bæði leikrými og hvíldaraðstaða skal vera í fullnægjandi íbúðarherbergjum. Baðherbergi, eldhús og svefnaðstaða heimilisfólks telst ekki til leikrýmis barna. Heimilt er að leita umsagnar skipulagsnefndar, hvað húsnæði varðar, ef ástæða þykir til. Sé um að ræða daggæslu með sex börn eða fleiri þarf að liggja fyrir starfsleyfi heilbrigðiseftirlits Sveitarfélagsins Hornafjarðar í samræmi við reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002.

9. *Brunavarnir*

Fyrir liggja skoðun eldvarnareftirlits Sveitarfélagsins Hornafjarðar á brunavörnum á heimili umsækjanda. Reykskynjarar, eldvarnarteppi og slökkvitæki skulu vera í íbúðinni. Við skoðun eldvarnareftirlits skal farið yfir hversu margir reykskynjarar þurfi að vera í íbúðinni og staðsetningu þeirra.

10. *Lóð, leiktæki og leikföng*

Lóð, leiktæki og leikföng skulu uppfylla ákvæði reglugerðar 941/2002 um hollustuhætti, reglugerðar 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim og reglugerðar 944/2014 um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra innaná evrópska efnahagssvæðinu. Útivistarsvæði barnanna skal vera afgirt.

11. *Afskipti barnaverndarnefndar*

Starfsmaður fjölskyldu- og félagsþjónustu veitir umsögn um að umsækjandi hafi ekki orðið uppvís að broti á barnaverndarlögum eða hafi verið grunaður um slíkt. Hafi barnaverndaryfirvöld haft afskipti af umsækjanda metur velferðarnefnd umsóknina út frá afskiptum barnaverndar.

5. gr.

Dagforeldri skal framvísa slysatryggingu vegna barnanna við leyfisveitingu velferðarsviðs.

6. gr.

Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er með öllu óheimil á heimilinu á meðan daggæslu stendur.

7. gr.

Við endurnýjun leyfis skal velferðarsvið óska eftir staðfestingu á slysatryggingu barna, læknavottorði og sakavottorði og öðrum þeim gögnum sem nauðsynleg þykja. Ef nýr heimilismaður flytur inn á heimilið þarf að skila inn læknavottorði og sakavottorði fyrir hann.

8. gr.

Sé ekki skilað inn tilhlýðilegum gögnum samkvæmt 7.gr. getur velferðarnefnd synjað endurnýjun leyfis umsækjanda. Velferðarnefnd getur einnig afturkallað leyfi dagforeldris verði viðkomandi uppvís að brotum á ákvæðum laga og reglna um starfsemi dagforeldra eða barnaverndarlögum.

9. gr.

Velferðarnefnd er heimilt að veita bráðabirgðaleyfi til daggæslu, til eins árs í senn, þar til dagforeldri hefur sótt námskeið. Standi námskeið ekki til boða er heimilt að veita bráðabirgðaleyfi þar til dagforeldri hefur gefist kostur á sækja námskeið.

Fari dagforeldri ekki á námskeið þegar það býðst er velferðarnefnd heimilt að svipta það leyfi.

II. kafli

Fjöldi barna í daggæslu, aldur þeirra og dvalartími

10. gr.

Leyfi velferðarnefndar tekur til allt að fjögurra barna, samtímis, að meðtöldum þeim sem fyrir eru á heimilinu yngri en sex ára, þó þannig að eigi skulu vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri að jafnaði.

Eftir a.m.k. eins árs samfelldan starfstíma er velferðarnefnd heimilt að veita dagforeldri leyfi fyrir einu barni til viðbótar. Þannig geta dagforeldrar, að veittum tilskildum leyfum og fenginnar starfsreynslu, mest haft fimm börn í gæslu í senn. Skipulagður dvalartími barna getur skarast í hádeginu á milli kl. 13.00 og 14.00 þannig að umframfjöldi barna í hádeginu getur verið allt að tveimur fleiri en leyfilegur fjöldi barna skv. 1. og 2. mgr. Á öðrum tíma dagsins má fjöldi barna aldrei fara yfir þann leyfilegan hámarksfjölda sem dagforeldri hefur hverju sinni skv. 1. og 2. mgr.

11. gr.

Dvalartími barna í daggæslu getur verið allt að níu tímar á dag, alla virka daga vikunnar.

III. kafli

Umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra

12. gr.

Starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu fara með umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra í umboði velferðarnefndar. Umsjón starfsmanna felst meðal annars í því að:

- fara reglulega í heimsókn til dagforeldra í þeim tilgangi að veita ráðgjöf og stuðning. Skulu heimsóknir vera tíðar fyrsta árið eftir að leyfi er veitt,
- halda fræðslufundi fyrir nýja umsækjendur,
- halda reglulega fræðslufundi fyrir starfandi dagforeldra,



- d) halda fundi með dagforeldrum og foreldrum barna þegar þess er óskað eða þörf er talin á,
- e) leita sérstaklega eftir ráðgjöf ef barn er fatlað, en ætíð í samráði við foreldra.

13. gr.

Eftirlit starfsmanna fjölskyldu- og félagsþjónustu með starfsemi dagforeldra skal vera reglubundið og er tvíþætt:

1. Að minnsta kosti þrjár óboðaðar eftirlitsheimsóknir á ári þar sem farið er yfir öryggisatriði, aðbúnað og fjölda barna.
2. Starfsmenn áskilja sér rétt til að afla upplýsinga frá forráðamönnum barns um viðhorf þeirra til dagforeldris.

14. gr.

Verði starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu þess varir að aðbúnaði barns hjá dagforeldri sé ábótavant eða skilyrði til leyfisveitingar ekki lengur fyrir hendi skal hann gera dagforeldri það ljóst og óska skriflega eftir úrbótum. Sinni dagforeldri ekki ábendingum starfsmanna skal málinu vísað til velferðarnefndar til meðferðar.

15. gr.

Ef í ljós kemur í eftirliti að börn eru of mörg í umsjá dagforeldris skulu starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu óska þess skriflega til dagforeldris að virða reglur um fjölda barna. Fari dagforeldri ekki eftir fyrirmælum innan fjögurra vikna skal fara með málið skv. 17. gr.

16. gr.

Telji starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu að barn sé í hættu statt hjá dagforeldri, svo sem vegna lélegs aðbúnaðar eða of mikils fjölda barna, skal hann gera dagforeldri það ljóst, tilkynna foreldrum það þegar í stað og vísa málinu til velferðarnefndar.

17. gr.

Ef talið er brýnt með hag barnanna í huga að þau séu tekin tafarlaust úr gæslu skal velferðarnefnd svipta dagforeldri leyfi, tímabundið, á meðan málið er kannað nánar.

18. gr.

Velferðarnefnd skal svipta dagforeldri leyfi ef börn eru í hættu stödd, sbr. 23. gr., eða ef tímabundin leyfissvipting, sbr. 24. gr., hefur ekki borið árangur.

IV. kafli

Ábyrgð og skyldur foreldra

19. gr.

Ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér reglur þessar og séu meðvitaðir um leyfilegan fjölda barna og dvalartíma. Foreldrar skulu einnig upplýsa dagforeldri um daglegar venjur barnsins.

Aðlögun að vist hjá dagforeldri skal miðast við þarfir barnsins og skal foreldri dvelja hjá barni sínu í upphafi vistunar í a.m.k. eina klukkustund daglega í byrjun vistunar. Foreldrar skulu upplýsa dagforeldri um hvaða dvalartíma er óskað eftir, hvenær barnið verði sótt og hver sæki það. Þá skulu foreldrar tilkynna um sérþarfir barnsins séu þær til staðar.

20. gr.

Foreldrar skulu tilkynna dagforeldri um tilfallandi veikindi barns. Óheimilt er að koma með veikt barn í daggæslu. Geti dagforeldri af sérstökum ástæðum ekki sinnt starfi sínu er barnið á ábyrgð foreldra.

21. gr.

Foreldrar skulu gæta þess að barnið mæti hreint til fara og hafi fót við hæfi til inni og útiveru eins og aðstæður gefa efni til og fatnað til skiptanna. Einnig er það á ábyrgð foreldra að dagforeldri hafi ávallt nægilega mikið af bleyjum og þurrkum þegar það á við. Komi barn með leikföng eru þau á ábyrgð forráðamanna.

Þegar komið er með til gæslu og þegar barn er sótt skulu foreldrar klæða barnið í og úr fötunum.

22. gr.

Foreldrum ber að fara eftir umsömdum tíma um daggæslu barnsins og að koma með barnið og sækja það stundvíslega. Sæki foreldri barn of seint hefur dagforeldri heimild til að rukka samkvæmt gjaldskrá.

23. gr.

Í upphafi daggæslu barna skal greiða fyrir fram. Ætíð skal greitt fyrsta virka dag hvers mánaðar og koma þá umfram tímar með næstu greiðslu eða eftir samkomulagi. Ef greiðsla hefur ekki borist innan 5 daga, er dagforeldri ekki skylt að taka við barni, nema um annað sé samið.

Gæsla byrjar á heila og hálfra tímanum og miðast gjald við það. Athygli skal vakin á því að Samkeppniseftirlitið leggur bann við sameiginlegri gjaldskrá til handa dagforeldrum.

24. gr.

Verði foreldrar varir við að umönnun og aðbúnaði barnsins sé ábótavant hjá dagforeldri er þeim skylt að tilkynna það til starfsmanna fjölskyldu -og félagsþjónustu velferðarsviðs.

V. kafli

Ábyrgð og skyldur dagforeldra

25. gr.

Dagforeldri ber ábyrgð á barni meðan á dvöl hjá því stendur og skal hlúa að andlegri og líkamlegri velferð þess í sem víðtækustum skilningi. Þetta á jafnt við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns. Dagforeldri skal sjá til þess að foreldrar hafi vitneskju um dagskipulag, þar með talið mataræði, svefntíma o.fl.

26. gr.

Dagforeldri er skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna, svo sem með því að hafa sjúkrakassa á heimilinu og barnalæsingu á skápum með hættulegum efnum. Nota skal beisli í barnavögnum og í háum barnastólum. Börn í daggæslu skulu aldrei vera skilin eftir eftirlitslaus.

27. gr.

Áður en gæsla hefst skal dagforeldri fara yfir með foreldri hver sé ábyrgð hvors aðila um sig meðan á dvöl barnsins í gæslunni stendur. Dagforeldri skal fara fram á að fá greinargóðar upplýsingar um barnið og ákveða aðlögunartíma og gæslutíma í samráði við foreldri. Dagforeldri skal sýna foreldrum heimili, aðstæður inni sem úti og skýra frá því hvernig það

hagar starfi sínu. Skal dagforeldri gera foreldrum grein fyrir aðstæðum á heimilinu sem geta haft áhrif á líðan barns, til dæmis ef gæludýr er á heimilinu.

Eins ber dagforeldri að greina frá breytingum á heimilisaðstæðum sem hafa áhrif á daggæsluna samkvæmt reglum þessum.

28. gr.

Dagforeldri skal sjá um að starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu fái jafnóðum upplýsingar um börn sem hefja dvöl eða ljúka dvöl hjá því. Skal dagforeldri skila starfsmönnum mánaðarlegu yfirliti yfir þau börn sem voru í gæslu í mánuðinum, ásamt staðfestingu foreldra.

29. gr.

Dagforeldri fer með allar upplýsingar varðandi barn og forráðamenn þess sem trúnaðarmál svo fremi sem upplýsingarnar varða ekki tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum.

30. gr.

Vakni grunsemdir dagforeldris varðandi uppeldi og/eða aðbúnað barns ber dagforeldri að tilkynna barnaverndarnefnd aðstæður barns án tafar.

31. gr.

Geti dagforeldri af einhverjum ástæðum ekki unnið að daggæslunni skal það tilkynnt foreldrum þegar í stað. Foreldrar bera ábyrgð á barni þann tíma sem dagforeldri getur ekki sinnt starfi sínu.

32. gr.

Dagforeldri ber að láta foreldra vita með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara ef dagforeldri getur ekki haft barn í vistun vegna starfsdags dagforeldra eða annarra ástæðna. Ef um lengra frí er að ræða skal dagforeldri gera foreldri og starfsmönnum velferðarsviðs grein fyrir lengd þess og tímasetningu með tveggja mánaða fyrirvara, eða samkvæmt samkomulagi.

VI. kafli

Styrkir til dagforeldra

33. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir starfsréttindanámskeið fyrir dagforeldra sem er forsenda fyrir leyfisveitingu.

Dagforeldrar geta sótt um stofnstyrk þegar starfsleyfi hefur verið gefið út. Stofnstyrknum er ætlað að aðstoða dagforeldri við að standa straum af kostnaði sem fellur til vegna kaupa á tækjum og leikföngum sem nauðsynleg eru fyrir reksturinn, svo sem barnavagnar og stólar. Ef dagforeldri leggur niður störf innan við ári frá því starfsleyfi er gefið út skal það endurgreiða styrkinn í hlutfalli við starfstíma. Stofnstyrkurinn nemur kr. 200.000,-.

Eftir 2 ár í starfi, og á tveggja ára fresti eftir það, getur dagforeldri sótt um endurnýjunarstyrk sem ætlað er að standa straum af þeim kostnaði sem getur hlotist við það að endurnýja þurfi nauðsynlegan búnað. Dagforeldri skal þá skila inn greinargerð til starfsmanna velferðarsviðs með yfirliti um þann búnað sem þarf að standa straum af, kostnaðaráætlun og umsögn um hvers vegna nauðsynlegt sé að fara í endurbætur. Endurnýjunarstyrkur getur numið allt að kr. 150.000,- en þó aldrei meira en 2/3 af áætluðum heildarkostnaði.

VII. kafli

Ýmis ákvæði

34. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á daggæslu barns er tveir mánuðir nema samkomulag náist um annað, en þó aldrei minna en einn mánuður, og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

35. gr.

Dagforeldri og foreldrar skulu reyna að samræma orlofstíma sinn. Taki foreldri eða forráðamaður sér frí utan orlofstíma er það ekki frádráttarbært og á hið sama við um jól og páska. Dagforeldri er heimilt að taka sér frí í allt að fimm daga sem má nýta milli jóla og nýárs eða páska án þess að breyting þurfi að vera á gjaldi til foreldra eða skerðing á niðurgreiðslum. Dagforeldri ber að tilkynna um slíkt frí að minnsta kosti mánuði fyrir frítöku. Taki dagforeldri sér frí utan þess tíma ber dagforeldrinu að endurgreiða foreldrinu þann tíma og niðurgreiðsla skerðist.

36. gr.

Dagforeldrar skulu eiga rétt á að taka tvo starfsdaga sem skulu vera nýttir til símenntunar á hverju ári án þess að það sé dregið frá dvalargjaldi eða komi til skerðingar á niðurgreiðslu. Starfsdagar skulu vera í samræmi við starfsdaga leiksskóla og geta dagforeldrar sótt fræðslu þar. Dagforeldri ber að tilkynna foreldrum um áætlaðan starfsdag með minnst mánaðar fyrirvara.

37. gr.

Telji dagforeldri að aðstæður barns hjá öðru dagforeldri brjóti í bága við barnaverndarlög ber að tilkynna það til barnaverndarnefndar án tafar.

38. gr.

Komi upp ágreiningur um efni reglna þessara fellur það í hlut velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar að úrskurða í málinu. Ef upp kemur ágreiningur milli foreldra og dagforeldra skal haft samband við starfsmenn fjölskyldu- og félagsþjónustu sem fjalla um málið á fagfundi velferðarsviðs.

VIII. kafli

Niðurgreiðslur til dagforeldra

39. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir mánaðarlega, í allt að ellefu mánuði á ári, framlag til dagforeldris vegna dvalar barna með lögheimili í sveitarfélaginu. Er framlaginu ætlað að koma til lækkunar á gjaldskrá til foreldra. Greiðslur geta hafist í þeim mánuði er barn nær 9 mánaða aldri. Ef um einstætt foreldri er að ræða geta greiðslur hafist við 6 mánaða aldur barns

40. gr.

Sveitarfélagið Hornafjörður greiðir niður daggæslu barna í heimahúsum samkvæmt reglum þessum og að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:



1. Foreldrar viðkomandi barns verða að hafa lögheimili í sveitarfélaginu.
2. Dagforeldri ber að hafa leyfi til daggæslu frá velferðaranevnd Sveitarfélagsins Hornafjarðar og gilda slysatryggingu.
3. Að foreldri sé ekki í fæðingarorlofi og fái ekki vistun fyrir barnið á leikskóla.
4. Að foreldri hafi sótt um niðurgreiðslu vegna daggæslu í heimahúsum í gegnum íbúagátt.

41. gr.

Ef öll skilyrði eru uppfyllt skal gerður þríhliða dvalarsamningur milli foreldris, dagforeldris og velferðarsviðs. Skal dvalarsamning skilað inn við upphaf daggæslu og er forsenda þess að niðurgreiðslur berist til dagforeldris.

Ef breytingar verða á dvalartíma barns þarf að fylla út sérstaka breytingarumsókn. Breytingarumsóknir skulu berast fyrir 20. hvers mánaðar. Ef gögn berast eftir þann tíma verða greiðslur og leiðréttingar í samræmi við innsend gögn afgreitt um næstur mánaðamót eftir það.

42. gr.

Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó að umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki sótt um.

43. gr.

Greiðslur eru inntar af hendi 1.-5. virka dag mánaðar og berast greiðslur til dagforeldra fyrir fram. Réttur til greiðslna helst út þann mánuð sem barn verður eins árs.

Daggæsla er niðurgreidd 11 mánuði á ári en ekki er greitt niður með börnum af leikskólum sem dvelja í daggæslu yfir sumartímann.

44. gr.

Við 9 mánaða aldur barns ber foreldrum að skila inn umsókn um leikskólavistun og skila staðfestingu þess efnis til starfsmanna fjölskyldu- og félagsþjónustu. Liggi umsókn ekki fyrir falla greiðslur niður við 12 mánaða aldur barns.

45. gr.

Þjóðist foreldri/foreldrum barns sem hefur náð 12 mánaða aldri heils dags vistun á leikskóla fyrir barnið ber þeim að taka plássíð, að öðrum kosti falla niðurgreiðslur niður.

46. gr.

Systkinaafsláttur er samræmdur milli daggæslu í heimahúsi, leiksskóla og lengdri viðveru í Kátakoti skv. gjaldskrá hjá Sveitarfélaginu Hornafirði.

Til að eiga rétt á systkinaafslætti þurfa börn að vera skráð á kennitölu sama greiðanda og með sameiginlegt lögheimili. Afslátturinn reiknast á elsta barnið.

Veittur er systkinaafsláttur, 50% með öðru barni og 100% með þriðja barni.

Ef systkini eru bæði hjá dagforeldri, er greidd uppbót á niðurgreiðslu til dagforeldris sem samsvarar niðurgreiðslu á leiksskóla.

47. gr.

Niðurgreitt er með eftirfarandi hætti fyrir börn á aldrinum 6 mánaða til 6 ára, þó eigi lengur en fram að þeim tíma er barn hefur grunnskólagöngu.

1. Fyrir börn sem vegna fötlunar sinnar þurfa sérstaka umönnun og taka því meira en eitt pláss í daggæslu er niðurgreitt samkvæmt reglum þessum, ásamt því að greitt er fyrir það pláss sem ekki nýtist. Ákvörðun um tímalengd sem greidd er vegna sérstakrar umönnunar er í höndum starfsmanna velferðarsviðs.
2. Dagforeldrar fá niðurgreitt með eigin börnum samkvæmt reglum þessum, að hámarki 8 tíma daglega, virka daga. Niðurgreiðslu skal miða við dvalartíma annarra barna í daggæslunni.

Heimilt er að greiða niður daggæslu barna í 1. -3. bekk grunnskóla, í heimahúsi ef um er að ræða börn einstæðra foreldra eða fjölskyldur í félagslegum erfiðleikum. Foreldrum ber þó fyrst að kanna möguleikann á lengdri viðveru grunnskólanna.

48. gr.

Velferðarnefnd auglýsir að lágmarki árlega rétt foreldra til niðurgreiðslna daggæslu hjá dagforeldri.

49. gr.

Tveimur dagforeldrum, með hæstan samfelldan starfsaldur, er tryggðar niðurgreiðslur sem svarar þremur börnum á mánuði ef ekki er nægilegt framboð barna í daggæslu í heimahúsi tímabundið. Greiðslur þessar falla niður ef dagforeldrar sem hafa laus pláss synja börnum um vistun. Velferðarnefnd tekur ákvörðun um slíka niðurfellingu.

50. gr.

Ákvörðunum starfsmanna félags- og fjölskylduþjónustu er hægt að skjóta til velferðarnefndar.

51. gr.

Reglur þessar kveða á um útfærslu á daggæslu í heimahúsum og niðurgreiðslu til dagforeldra og eru settar með stoð í VIII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og byggja á reglugerð 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum og reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002..

Reglur þessar öðlast gildi þann XX.XX.2021. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um daggæslu í heimahúsum í Sveitarfélaginu Hornafirði frá 11. desember 2006 og Reglur um niðurgreiðslu daggæslu í heimahúsum frá 9. apríl 2015

Samþykkt á fundi bæjastjórnar XX.XX.2021